

SKTL3HS05

Búið til: Mon, 19 Oct 2020 16:18:14 GMT

Titill

Hljóðupptökur, myndbandagerð og streymisveitur

Skammstöfun

SKTL3HS05

Útgáfunúmer

4

Námsgrein

Skapandi tónlist

Viðfangsefni

Hljóðupptökur, myndbandagerð og streymisveitur

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Áfanginn miðar að því að gefa nemendum yfirlit og betri þekkingu á stúdíóupptökum, myndbandagerð, kynningu og sölu á hljóðrituðu efni ásamt því að kynna dreifingu á streymisveitur. Áhersla er lögð á að nemendur kynni sér ýmis verkefni sem að við koma útgáfu á hljóðrituðu efni og verði færir um að gefa út eigið efni og koma því á framfæri.

Forkröfur

10 einingar á 2. þrepi í skapandi tónlist

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hljóðupptökum í stúdíói/hljóðveri
- myndbandagerð
- kynningu og sölu á hljóðrituðu efni
- streymisveitum
- skráningu á hljóðrituðu efni

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- taka upp eigið efni og ábreiður í stúdíói/hljóðveri
- skipuleggja, taka upp og klippa myndband
- kynna og selja eigið efni
- koma hljóðrituðu efni á streymisveitur

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka upp og gefa út eigið efni og ábreiður
- kynna og selja hljóðritað efni
- taka faglegar ákvarðanir um hvernig skal dreifa hljóðrituðu efni
- afla sér upplýsinga og þekkingar á réttindum til útgáfu hljóðritaðs efni

Námsmat

Áfanginn er með símat alla önnina, ásamt lokaverkefni. Öll verkefni annar gilda til einkunnar.

Skólar**Fyrirmynd**